

Reglur um refa og minkaveiði í Sveitarfélaginu Hornafirði

Almennt

Reglur þessar gilda um veiðar á refum og minkum innan Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, með síðari breytingum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum á reglugerðum.

Ráðinn veiðimaður skal koma sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi ekki hætta af.

Veiðimanni ber að hafa samband við landeigendur á svæðinu sé það í einkaeign. Veiðar úr ökutækjum eru bannaðar líkt og lög kveða á um. Veiðimönnum er skylt hafa gilt skotveiðileyfi.

Refaveiði

Grenjavinnsla skal hefjast 1. maí og vera lokið eigi síðar en 31. júlí ár hvert.

Einungis samningsbundnum veiðimönnum er greitt fyrir veiðar á grenjatímabilinu og er þeim einum heimilt að innheimta reikning vegna fallinna dýra.

Bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum, geta skotið refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af og ekki hefur náðst í ráðinn veiðimann eða hann ekki getað sinnt útkalli. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélags um slíka veiði svo fljótt sem auðið er. Fyrir þau dýr skal greitt samkvæmt gjaldskrá fyrir hlaupadýr.

Við grenjavinnslu er ætlast til að farið sé á grenjastæði sem vitað er um og einhverjar líkur teljast á að tófa leggi í það árið. Ekki ætlast til að farið sé á grenjastæði sem hafa ekki verið notuð svo áratugum skiptir nema vísbendingar séu um óvenjulegan tófugang. Þó skal veiðimönnum það í sjálfsvald sett hvort þeir fylgist með grenjastæði á eigin vegum. Einungis skal leita einu sinni á hverju sumri á hverju þekktu greni á viðkomandi svæði. Veiðimanni er óheimilt að skemma eða eyðileggja greni.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá fyrir viðkomandi svæði og sveitarfélagið lætur veiðimann hafa kort í góðum mælikvarða sem hann getur fært staðsetningu grenja inn á.

Hlaupadýr (dýr sem felld eru utan grenjatíma)

Samningsbundnum veiðimönnum er greitt fyrir hlaupadýr sem og þeim sem landeigandi á viðkomandi svæði hefur tilnefnt til veiða á hlaupadýrum. Landeigandi skal upplýsa sveitarfélagið um viðkomandi veiðimann sem hefur fengið leyfi til að veiða hlaupadýr á landareign hans.

Vanda skal til verka við útburð ætis og skal samráð haft við aðra veiðimenn og leyfi fengið frá landeiganda.

Heilum dýrum skal skilað þegar hlaupadýr eru veidd.

Minkaveiðar

Sveitarfélagið ræður veiðimenn til minkaveiða. Æskilegt er að veiðimaðurinn sé með minkahunda til veiðanna. Veiðimaður getur sótt um að hundaleyfisgjöld séu felld niður vegna minkaveiða.

Veiðimenn skulu að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní, en heimilt er að veiða mink allt árið. Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé í varplöndum og við veiðiár. Einnig leitað við sjó, svo sem kostur er.

Ef fótbogar og dauðagildir eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt. Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af.

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljóttist af.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

Skil á skýrslum og greiðslur

Skottum af unnum dýrum ber að skila í áhaldahús ásamt fylgigögnum. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og hvaða greni var leitað. Greiðslur fara ekki fram fyrir en þessum gögnum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný hafa fundist.

Veiðimaður skuldbindur sig til að skila inn til sveitarfélagsins veiðiskýrslu án þess að fyrir það komi sérstök greiðsla. Sveitarfélagið áskilur sér rétt til þess að halda eftir greiðslu ef veiðiskýrsla er ófullnægjandi og/eða óútfyllt.

Reikninga þarf að samþykkja af umhverfis- og skipulagssviði áður en þeir eru greiddir. Reikningum vegna veiðitímabilsins skal skilað eigi síðar en 10. september.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn 9. september 2021.

*Matthildur Ásmundardóttir
bæjarstóri*